

Ár 2012, fimmtudaginn 16. febrúar kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlökkversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

### **1. Bréf sem borist hafa frá:**

#### **1.1. Nefndasviði Alþingis frá 2. febrúar 2012.**

Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014, 440. mál.

Bæjarráð felur Velferðarnefnd Árneshlíða að yfirfara þingsályktunina og gefa álit fyrir hönd okkar sveitarfélags.

#### **1.2. Nefndasviði Alþingis frá 3. febrúar 2012.**

Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, 393. mál.

Bæjarráð lýsir yfir ánægju með að í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2012-2022 skuli vera gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við breikkun Suðurlandsvegar frá Reykjavík til Selfoss. Hinsvegar lýsir bæjarráð yfir verulegum áhyggjum og vonbrigðum með nokkur atriði í áætluninni. Einnig undrast bæjarráð að ekkert virðist vera fjallað um þennan hluta Hringvegarins í tillögu að samgönguáætlun til næstu fjögurra ára þrátt fyrir að í drögum að langtímaáætlun sé talað um framkvæmdir við veginn á því tímabili.

Varðandi Hringveg á milli Selfoss og Hveragerðis er bráðnauðsynlegt að fara í 2 + 2 veg á þeim kafla sem allra fyrst þar sem þarna er um einn hættulegasta vegarkafla landsins að ræða. Í samgönguáætlun 2012-2022 er talað um að fara í breikkun í 2+1 veg á þessum kafla á öðru og þriðja tímabili, þ.e. ekki fyrr en 2015-2022 sem er alltof seint. Fara verður í breikkun þessa kafla á fyrsta tímabili áætlunarinnar eða í allra síðasta lagi á öðru tímabilinu og alls ekki er ásættanlegt að hafa þarna 2+1 veg enda hefur slíkt aldrei verið kynnt fyrir sveitarfélögum á svæðinu svo vitað sé.

Í áætluninni er talað um að breikka veginn frá Hellisheiðarvirkjun að Hveragerði í 2+1 veg á fyrsta og öðru tímabili. Tímasetningin er

ásættanleg en samkvæmt því sem kynnt hefur verið fyrir sveitarfélögunum á vegurinn frá Kambabrun að Hveragerði að vera 2+2 vegur og ítrekar bæjarráð að við það verði staðið.

Jafnframt undrast bæjarráð það að ekkert virðist vera fjallað um Hringveginn frá Vesturlandsvegi að núverandi tvöföldun austan Lögbergsbrekku en ekki er síður vanþörf á að sá kafli verði breikkaður á næstu árum.

1.3. **Nefndasviði Alþingis frá 3. febrúar 2012.**

Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna frumvarps til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014, 392. mál.

Vísað í bókun með lið 1.2.

1.4. **Kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 6. febrúar 2012.**

Í bréfinu er kynnt að þrátt fyrir að ekki hafi tekist að ljúka vinnu samkvæmt bókun 2 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands v. Félags grunnskólakennara, og kjarasamningur því í raun fallinn úr gildi, hafa samningsaðilar sammælt um að halda viðræðum áfram og að farið verði eftir ákvæðum útrunnins kjarasamnings þar til nýr kjarasamningur verður gerður.

Lagt fram til kynningar.

1.5. **Samráðshópi um menntun og vinnumarkaðsúrræði frá 16. desember 2011.**

Með bréfinu fylgdi tillaga samráðshópsins um menntun og vinnuúrræði til ríkisstjórnar. Tillagan er um átak til þriggja ára og ber yfirskriftina „Í nám – til vinnu“.

Lagt fram til kynningar.

1.6. **Vinnumálastofnun frá 8. febrúar 2012.**

Í bréfinu er óskað eftir að atvinnuleitendur fái aðgang að sundstöðum.

Atvinnuleitendur í Hveragerði hafa frá upphafi efnahagsþrenginganna haft gjaldfrjálsan aðgang að Sundlauginni Laugaskarði fyrir hádegi á virkum dögum. Það fyrirkomulag hefur gefist vel og því telur bæjarráð ekki ástæðu til að taka upp nýtt kerfi á þessum tímapunkti.

1.7. **Þroskahjálp á Suðurlandi frá 14. janúar 2012.**

Í bréfinu eru fyrirspurnir um málefni fatlaðra í sveitarfélaginu.

Bæjarráð samþykkir að fela Velferðarnefnd Árneshóls að svara þeim fyrirspurnum sem í bréfinu er beint til allra sveitarfélaga á svæðinu.

**1.8. Þjóðkirkjunni frá 10. febrúar 2012.**

Í bréfinu er ályktun frá kirkjuþingi 2011 um samskipti skóla og trúar- og lífsskoðunarhópa.

Bæjarráð treystir stjórnendum og starfsmönnum Grunnskólans í Hveragerði og leikskólanna Undralands og Óskalands til að halda utan um þessi samskipti þannig að vel sé, rétt eins og hingað til hefur verið gert.

**1.9. Listvinafélagi Hveragerðis frá 2. febrúar 2012.**

Í bréfinu er óskað eftir styrk frá Hveragerðisbæ að upphæð kr. 200 þúsund til að koma á fót skáldasýningu.

Bæjarráð samþykkir erindið að því tilskyldu að styrkur fáiast frá Menningarráði Suðurlands til verkefnisins.

**1.10. Þingmönnum Hreyfingarinnar frá 7. febrúar 2012.**

Í bréfinu er vakin athygli á frumvarpi til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða.

Bæjarráð vísar til fyrri bókana sinna um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og vill enn og aftur ítreka skoðun sína á því óréttlæti sem felst í reglum um skiptingu þessara sameiginlegu auðlindar þjóðarinnar.

**2. Fjárhagsleg málefni:****2.1. Minnisblað bæjarstjóra vegna almenningsamgangna.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 14. febrúar 2012 vegna almenningsamgangna. Meðfylgjandi minnisblaðinu er tölvupóstur frá framkvæmdastjóra SASS þar sem hann gerir grein fyrir mögulegu fyrirkomulagi farmiðasölu og aðkomu sveitarfélaganna að henni.

Bæjarráð samþykkir að farmiðaspjöld, handhafakort og persónubundin íbúakort verði seld á á bæjarskrifstofu á opnunartíma en ekki á öðrum stöðum í bæjarfélaginu.

Ennfremur samþykkir Hveragerðisbær að halda áfram að veita nemendum sem búsettir eru hér í bæ en stunda nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi 15% afslátt af persónubundnum íbúakortum eins og verið hefur. Sú ákvörðun gildir þar til stjórn SASS hefur tekið ákvörðun um almenn afsláttarkjör til þessa hóps.

**2.2. Minnisblað frá Lex ehf vegna endurgreiðslu gatnagerðargjalda.**

Lagt fram minnisblað frá lögmannsstofunni Lex vegna endurgreiðslu gatnagerðargjalda til BYKO vegna lóðanna Dalsbrúnar 36-42.

Bæjarráð samþykkir að endurgreiða gatnagerðargjöldin í samræmi við reglur þar um.

2.3. **Minnisblað frá framkvæmdastjóra Fasteignafélags Hveragerðis vegna kostnaðaráætlunar fyrir Hamarshöllina.**

Lagt fram minnisblað frá framkvæmdastjóra Fasteignafélags Hveragerðis vegna kostnaðaráætlunar fyrir Hamarshöllina samkvæmt ósk frá minnihlutunum á bæjarstjórnarfundi 9. febrúar 2012.

Meirihlutinn lagði fram eftirfarandi bókun:

Í minnisblaði framkvæmdastjórans kemur fram að kostnaður sem fellur til árið 2012 er áætlaður kr. 258 mkr að teknu tilliti til endurgreiðslu virðisaukaskatts sem í staðinn fellur til á næstu 20 árum í gegnum leigugreiðslur af húsinu. Þegar hefur fallið til kostnaður við jarðvinnu, hönnun og útboðsgerð kr. 22 mkr. Heildar áætlaður bygginga kostnaður vegna byggingar Hamarshallarinnar skv. kostnaðaráætlun Verkís er 275 mkr án vsk. Til viðbótar hefur fallið til kostnaður sem nemur kr. 15 mkr vegna brunahönnunar, tengigjalda veitna og byggingaleyfisgjalda. Heildarkostnaður stefnir því í um 300 mkr þegar allt er talið svo fremi sem aukaverk á verktíma auki ekki kostnaðinn. Heildarkostnaður pr. m2 nemur því um 60 þúsund króna sem er hundruðum prósentu undir þeim byggingakostnaði sem hingað til hefur tíðkast við byggingu íþróttamannvirkja.

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Fulltrúi minnihlutans þakkar umbeðnar upplýsingar.

**3. Tæknileg málefni:**

3.1. **Minnisblað bæjarstjóra vegna útsendinga á fundum bæjarstjórnar.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 14. febrúar 2012 vegna útsendinga á fundum bæjarstjórnar.

Tillögur bæjarstjóra samþykktar og munu útsendingar frá fundum bæjarstjórnar á netinu hefjast í mars gangi tæknileg atriði eftir.

**4. Fundargerðir til kynningar:**

- 4.1. SASS frá 3. febrúar 2012.
- 4.2. Sorpstöð Suðurlands frá 1. febrúar 2012.
- 4.3. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 27. janúar 2012.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:21

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)